

# Hörgársveit

# Fréttabréf

4. árg., 2. tbl., 18. janúar 2013

## Íbúafundur um menningar- og tómstundamál

Hlíðarbæ laugardaginn 26. janúar 2013 kl. 10-14

Hvar viljum við standa eftir 10 ár?

Vilja menn fá hlutdeild í auknum tekjum af ferðamennsku?

Á Smárinn tilverurétt?

Þessi fundur er í framhaldi af afar skemmtilegum og fróðlegum fundi sem haldinn var að Hrauni í Öxnadal í nóvember. Ræðumenn verða Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands og Alfa Aradóttir, umsjónarmaður forvarna- og æskulýðsmála í Rósenborg.

Kvenfélag Hörgdæla býður upp á súpu og brauð í hádeginu.

## Frá skrifstofu Hörgársveitar

Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri verður í fríi frá og með mánudeginum 21. janúar til mánaðamóta febrúar/mars. Gunnar Jónsson, skrifstofustjóri er staðgengill sveitarstjóra í fjarveru hans.

**Hörgársveit**

**Sími:** 461 5474 **Fax:** 461-5475

**Netfang:** horgarsveit@horgarsveit.is

**Póstfang:** Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

**Veffang:** www.horgarsveit.is

## Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

**Fundur nr. 31** 16. janúar 2013

Mætt voru: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jón Þór Benediktsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

### **1. Fundargerð byggingarnefndar, 14. desember 2012**

Fundargerðin er í sextán liðum. Tveir þeirra varða Hörgársveit, sem eru umsóknir um stöðuleyfi fyrir gáma í Eyrarvík og Kjarna.

*Gefur ekki tilefni til ályktunar sveitarstjórnar.*

### **2. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar, 14. janúar 2013**

Fundargerðin er í tveimur liðum, þ.e. um lýsingu á deiliskipulagsverkefni á Dysnesi og um aðalskipulag sveitarfélagsins.

*Sveitarstjórn staðfesti samþykktir skipulags- og umhverfisnefndar um kynningu á lýsingu á deiliskipulagsverkefni á Dysnesi og um eftirtalin atriði varðandi tillögu að aðalskipulagi: 1) mörk hafnarsvæðis annars vegar og iðnaðar- og athafnasvæðis hinsvegar á Dysnesi, 2) fyrirvara um legu og gerð flutningsleiða raforku um sveitarfélagið, með breytingu sem gerð var á fundinum, 3) umsögn lögformlegra umsagnaraðila og 4) íbúafund um aðalskipulagstillöguna 6. mars 2013.*

### **3. Ós, sala jarðar**

Rætt um fyrirkomulag á sölu jarðarinnar Óss, sbr. samþykkt sveitarstjórnar 22. júní 2011, m.a. á grundvelli uppdráttar frá Búgarði, dags. 15. janúar 2013.

*Auglýst verði eftir tilboðum í spildur sem eru merktar A, B og C á uppdrætti Búgarðs.*

### **4. Leiga á túnnum og öðrum landspildum**

Rætt um fyrirkomulag á útleigu á túnnum og öðrum landspildum í eigu sveitarfélagsins, sbr. samþykkt sveitarstjórnar 21. nóvember 2012.

*Auglýst verði eftir tilboðum í afnot af tilteknum túnum og landspildum í eigu sveitarfélagsins á árinu 2013 á grundvelli gagna sem lögð voru fram á fundinum.*

**5. Samþykkt um stjórn og fundarsköp, síðari umræða**

Síðari umræða um fyrirliggjandi tillögu að samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar.

*Samþykkt með breytingum sem gerðar voru á fundinum.*

**6. Siðareglur fulltrúa í sveitarstjórn og fastanefndum, fyrri umræða**

Lögð fram tillaga að siðareglum kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn og fastanefndum, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

*Vísað til síðari umræðu.*

**7. Landgræðsla ríkisins, styrkbeiðni**

Óskað er eftir styrkveitingu vegna verkefnisins „Bændur græða landið“ á árinu 2013.

*Samþykkt að veita styrk að fjárhæð kr. 35.000*

**8. - 14. Auglýsingar á deiliskipulagi**

Vegna formgalla í auglýsingu á gildistöku deiliskipulags þarf að auglýsa aftur deiliskipulagstillögur um Þrastarhól, Syðri-Reistará, Gloppu, Sílastaði, Hjalteyri, Moldhauga og Hraukbæ frá árunum 2010-12.

**15. Fundargerð stjórnar Eyþings, 11. desember 2012**

lögð fram til kynningar.

## **Kynningarfundur um aðalskipulag**

Hörgársveitar verður að öllu óbreyttu haldinn í Hlíðarbæ 6. mars. nk.

# DYSNES

## Auglýsing um skipulagslýsingu

Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir hafnar- og athafnasvæði á Dysnesi. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagið nái yfir um 86 ha svæði, þar sem fram mun koma skipulag hafnarmannvirkja, athafnasvæða, umferðakerfis og landmótun.

Í lýsingu á skipulagsverkefninu, sbr. skipulagslög, koma fram áherslur deiliskipulagsins og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu. Lýst er fyrirhuguðu skipulagsferli og hvernig kynningu og samráði gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum verði háttað við skipulagsgerðina.

Sveitarstjórnin leggur hér með fram til kynningar ofangreinda lýsingu á skipulagsverkefni vegna deiliskipulags fyrir hafnar- og athafnasvæði á Dysnesi.

Skipulagslýsingin liggur frammi á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla. Tillagan er einnig birt á heimasíðu sveitarfélagsins: [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is)

18. janúar 2013

Sveitarstjórinn í Hörgársveit

## 🌀 Fundir og mannfagnaður 🌀

Laugard. 2. feb.	Melablótið	Melum
Fimmtud. 7. feb.	Árshátíð Þelamerkurskóla	Íþróttamiðstöðinni
Laugard. 9. feb.	Þorablót Hörgársveitar	Íþróttamiðstöðinni

**Næsti fundur sveitarstjórnar verður 20. febrúar í Þelamerkurskóla**

Dagskrá fundarins mun birtast á [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is) síðdegis 18. febrúar